

Árneshreppur  
Ársreikningur 2020

Árneshreppur  
Norðurfirði  
524 Árneshreppur

kt. 430169-0419

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun hreppsnefndar og oddvita .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar

Ársreikningur Árneshrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 58,6 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 51,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,625% sem er lögbundið hámark. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 1,0 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 0,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2020 nam 91,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 91,7 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir enn um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Nánar er fjallað um áhrif heimsfaraldursins á rekstur sveitarfélagsins í skýringu 17.

Ársreikningur Árneshrepps fyrir árið 2020 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Norðurfirði, 14. apríl 2021

Oddviti:

*Eva Sigurbjörnsdóttir*  
Oddviti Árneshrepps

Ársreikningur Árneshrepps fyrir árið 2020 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Norðurfirði, 23. apríl 2021

Sveitarstjórn:

*Björns Jón Þorláksson*  
*Þjarnheiður J. Fossdal*  
*Heiða Bendadóttir*  
*Eyþjófur Vilhjálmsson*  
*Eva Sigurbjörnsdóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Árneshrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Árneshrepps fyrir árið 2020, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og oddviti að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og oddviti skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og oddvita á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. apríl 2021

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	30.211	25.744	30.297	30.211	25.744	30.297
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	7.952	8.688	10.542	7.952	8.688	10.542
Aðrar tekjur .....	4	13.198	7.180	10.878	20.484	13.430	16.485
		51.361	41.611	51.717	58.647	47.861	57.323
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	3.397	3.844	3.916	3.397	4.237	3.916
Annar rekstrarkostnaður .....		48.024	32.320	46.836	52.456	35.132	50.437
		51.421	36.164	50.751	55.853	39.369	54.353
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		( 59 )	5.447	965	2.794	8.492	2.970
Afskriftir .....	8	( 828 )	( 814 )	( 735 )	( 1.973 )	( 1.940 )	( 1.880 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		( 887 )	4.633	230	821	6.552	1.090
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	1.630	2.091	1.626	157	1.070	239
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....</b>	<b>12</b>	743	6.723	1.856	978	7.622	1.328

# Efnahagsreikningur

<b>Eignir</b>				
Skýr.	<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>	
	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir .....	28.685	29.427	28.685	29.427
Veitu-, gatna og hafnarmannvirki .....	4.994	4.425	16.731	17.080
Áhöld og tæki .....	92	92	4.245	4.472
8	33.771	33.944	49.660	50.979
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum .....	9	4.702	4.702	4.702
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	4.708	7.545	0
		9.410	12.247	4.702
Fastafjármunir	43.181	46.191	54.362	55.681
<b>Veltufjármunir</b>				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur .....	11	5.544	5.600	5.600
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		17.241	11.349	0
Aðrar skammtímakröfur .....		2.125	2.977	2.977
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	3.100	2.871	0
Handbært fé .....	3i	31.030	32.112	39.559
Veltufjármunir	59.040	54.909	47.227	44.553
<b>Eignir samtals</b>	102.220	101.100	101.590	100.234

## 31. desember 2020

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2020	2019	2020	2019
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	12	91.669	90.926	91.038	90.060
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	1.828	2.356	1.828	2.356
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	457	294	457	294
Aðrar skammtímaskuldir .....		8.267	7.524	8.267	7.524
		8.724	7.819	8.724	7.819
Skuldir og skuldbindingar samtals		10.552	10.174	10.552	10.174
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		102.221	101.100	101.590	100.234

Skuldbindingar utan efnhagsreiknings ..... 15



## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	12	743	6.724	1.856	978	7.623	1.328
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	828	814	735	1.973	1.940	1.880
Verðbætur .....		( 283 )	( 162 )	( 270 )	81	71	73
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		80	0	0	80	0	0
Veltufé frá rekstri		1.368	7.375	2.321	3.112	9.634	3.281
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		56	0	( 2.017 )	56	0	( 2.017 )
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		852	0	( 706 )	852	0	( 706 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		742	0	( 1.277 )	742	0	( 1.277 )
		1.651	0	( 4.000 )	1.651	0	( 4.000 )
Handbært fé frá (til) rekstrar		3.019	7.376	( 1.679 )	4.763	9.633	( 719 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum. rekstrarfjárm. ...	8	( 835 )	( 10.000 )	0	( 835 )	( 15.000 )	0
Söluverð rekstrarfjármuna .....		100	0	0	100	0	0
Eignarhlutur, breyting .....		0	0	( 100 )	0	0	( 100 )
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting		2.971	2.917	2.752	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		2.236	( 7.083 )	2.652	( 735 )	( 15.000 )	( 100 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, br. ....		( 5.892 )	( 2.481 )	( 301 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	13	( 445 )	( 443 )	( 434 )	( 445 )	( 443 )	( 434 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 6.337 )	( 2.924 )	( 735 )	( 445 )	( 443 )	( 434 )
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		( 1.082 )	( 2.630 )	238	3.583	( 5.810 )	( 1.253 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		32.112	40.768	31.874	35.976	46.680	37.229
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		31.030	38.138	32.112	39.559	40.870	35.976

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Árneshreppur er sveitarfélag á Vestfjörðum og voru íbúar 40 þann 1. desember 2020. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Norðurfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarpætti stjórnáslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Árneshrepps árið 2020 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem fellur undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins er Hafnarsjóður.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### **3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

#### **e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	40 ár
Hafnarmannvirki .....	25 ár
Veitukerfi .....	20 ár
Áhöld og tæki.....	6-7 ár

#### **f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### **g. Langtímakröfur**

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

#### **h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### **i. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### **j. Eignir utan efnahagsreiknings**

Fjárfesting í gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### **k. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### **l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 15.

#### **m. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun sem hreppsnefnd hefur samþykkt en ekki voru gerðir viðaukar við upphaflega áætlun.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>						
Útsvar .....	25.194	20.686	25.433	25.194	20.686	25.433
Fasteignaskattur .....	5.017	5.058	4.864	5.017	5.058	4.864
	30.211	25.744	30.297	30.211	25.744	30.297
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Útgjaldajöfnunarframlag.....	86	0	0	86	0	0
Fasteignaskattsframlag.....	7.690	8.688	8.601	7.690	8.688	8.601
Grunnskólaframlag.....	176	0	1.941	176	0	1.941
	7.952	8.688	10.542	7.952	8.688	10.542
Skatttekjur samtals.....	38.163	34.431	40.838	38.163	34.431	40.838
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	13.198	7.180	10.878	20.484	13.430	16.485
Rekstrartekjur samtals .....	51.361	41.611	51.717	58.647	47.861	57.323

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	3.066	3.245	3.298	3.066	3.565	3.298
Launatengd gjöld .....	331	600	618	331	673	618
Laun og launat, gjöld samtals	3.397	3.844	3.916	3.397	4.237	3.916

	2020	2019
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	0	0
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	0	0
Ársverk.....	0	0
Laun og launatengd gjöld oddvita og hreppsnefndar.....	3.381	3.899

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur .	304	905	403	342	1.082	470
Arður af eignarhlutum .....	76	160	0	76	160	0
Vaxtagjöld og verðbætur....	( 261 )	( 173 )	( 232 )	( 261 )	( 173 )	( 232 )
Vextir frá eigin fyrirt. ....	1.512	1.197	1.454	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1.630	2.091	1.626	157	1.070	239

## Skýringar, frh.:

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádrögnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	39.101	35.107	41.708
Félagsþjónusta .....	( 1.832 )	( 1.786 )	( 466 )
Heilbrigðismál .....	( 69 )	( 60 )	( 72 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 2.697 )	( 4.685 )	( 4.290 )
Meningarmál .....	( 1.776 )	( 1.544 )	( 1.453 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 16 )	( 35 )	( 71 )
Hreinlætismál .....	( 3.263 )	( 2.322 )	( 1.324 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 2.274 )	( 407 )	( 6.591 )
Umferðar- og samgöngumál .....	2.560	( 990 )	2.716
Umhverfismál .....	( 1.173 )	( 630 )	( 711 )
Atvinnumál .....	0	( 20 )	( 1.000 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 19.169 )	( 19.436 )	( 20.259 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	8.522	7.450	6.086
Aðalsjóður samtals .....	17.914	10.643	14.273
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	( 17.171 )	( 3.920 )	( 12.417 )
A hluti samtals .....	743	6.723	1.856
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Hafnarsjóður .....	235	899	( 528 )
A og B hluti .....	978	7.622	1.328

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2020.....	144.627	5.640	918	151.185
Keypt á árinu .....	0	835	0	835
Selt á árinu .....	( 1.800 )	0	0	( 1.800 )
Heildarverð 31.12.2020.....	142.827	6.474	918	150.219
Afskrifað 1.1.2020.....	( 115.200 )	( 1.214 )	( 826 )	( 117.240 )
Afskrift færð út v/ sölu.....	1.620	0	0	1.620
Afskrifað á árinu .....	( 562 )	( 266 )	0	( 828 )
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	( 114.142 )	( 1.480 )	( 826 )	( 116.448 )
Bókfært verð 1.1.2020.....	29.427	4.425	92	33.944
Bókfært verð 31.12.2020.....	28.685	4.994	92	33.771
Afskriftarhlutföll.....	2,5%	4-5%	15%	

	Fasteignir	Veitur, höfn og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2020.....	144.627	28.576	5.857	179.060
Keypt á árinu .....	0	835	0	835
Selt á árinu.....	( 1.800 )	0	0	( 1.800 )
Heildarverð 31.12.2020.....	142.827	29.411	5.857	178.095
Afskrifað 1.1.2020.....	( 115.200 )	( 11.497 )	( 1.385 )	( 128.081 )
Afskrift færð út v/ sölu.....	1.620	0	0	1.620
Afskrifað á árinu .....	( 562 )	( 1.183 )	( 228 )	( 1.973 )
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	( 114.142 )	( 12.680 )	( 1.612 )	( 128.434 )
Bókfært verð 1.1.2020.....	29.427	17.080	4.472	50.979
Bókfært verð 31.12.2020.....	28.685	16.731	4.245	49.660
Afskriftarhlutföll.....	0-2,5%	4-5%	10-15%	

#### b. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2020:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	552.801	552.801
Fasteignamat.....	86.358	86.358
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....		21.963
Vátryggingaverðmæti hafna.....		301.790

## Skýringar, frh.:

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.....	0,2%	0,2%	1.363	1.363
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	0,0%	0,0%	3.189	3.189
Verzlunarfélag Árneshrepps ehf.....	1,9%	1,9%	100	100
Vesturferðir ehf.....	0,6%	0,6%	50	50
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			4.702	4.702

### 10. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	Langtíma- kröfur á eigin
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	10.416
Verðbætur.....	364
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 2.971 )
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	7.808
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 3.100 )
	4.708

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021.....	3.100
Árið 2022.....	3.235
Árið 2023.....	475
Árið 2024.....	491
Árið 2025.....	508
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	7.808

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### 11. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur, heild.....	3.436	3.436
Óinnheimtar aðrar tekjur, heild.....	4.430	4.430
Niðurfærsla óinnheimtra annarra tekna.....	( 2.323 )	( 2.323 )
Óinnheimtar aðrar tekjur í árslok.....	2.108	2.108
Óinnheimtar tekjur í árslok.....	5.544	5.544

Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:

	A hluti			B hluti	A og B hluti
	Skatttekjur	Aðrar tekjur	Samtals	Aðrar tekjur	Samtals
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	0	1.189	1.189	0	1.189
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	0	1.134	1.134	0	1.134
Niðurfærsla í árslok .....	0	2.323	2.323	0	2.323

## Skýringar, frh.:

### 12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2020.....	90.926	90.060
Rekstrarniðurstaða ársins.....	743	978
Eigið fé 31.12. 2020.....	91.669	91.038

### 13. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A hluti:</b>		
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	2.650	2.650
Afborganir af lánum .....	( 445 )	( 445 )
Verðbætur.....	81	81
	2.285	2.285
Næsta árs afborgun .....	( 457 )	( 457 )
Langtímaskuldir í árslok .....	1.828	1.828

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A og B hluti
Árið 2021.....	457
Árið 2022.....	457
Árið 2023.....	457
Árið 2024.....	457
Árið 2025.....	457
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.285

### 14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti .....	100%	102.220	10.552	91.668
Hafnarsjóður .....	100%	24.419	25.049	( 631 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 25.049 )	( 25.049 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		101.590	10.552	91.038

### 15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
- Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps
- Fjórdungssamband Vestfirðinga
- Héraðsnefnd Strandasýslu
- Samstarfsverkefni Árneshrepps, Dalabyggðar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um embætti bygginga- og skipulagsfulltrúa.

Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikninginn.



### **16. Tengdir aðilar**

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

### **17. Atburðir eftir lok reikningsskiladags**

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir enn um endanleg áhrif faraldusins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum lýkur. Sveitarfélagið hefur ekki orðið fyrir verulegum áhrifum á rekstur sem rekja má til Covid-19. Hins vegar er ljóst að komi til frekari lækkunar á framlögum Jöfnunarsjóðs mun það hafa veruleg áhrif á viðkomu sveitarfélagsins.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að greiðsluhæfi þess sé óskert þar sem sveitarfélagið hefur tiltækt handbært fé auk aðgangs að lánsfé til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði.

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	31.141	25.161	13.887	11.305	( 9.489 )	1.082
Skuldaviðmið, skv. reglugerð* ** .....	*	*	*	*	*	*
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	13,1 %	( 0,1% )	1,9 %	22,8 %	( 24,4% )	( 2,5% )
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	16,2 %	1,4 %	3,6 %	43,1 %	( 23,2% )	( 1,3% )
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	17,7 %	2,7 %	4,5 %	25,2 %	( 22,3% )	0,1 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	24,0 %	1,6 %	0,0 %	3,6 %	4,6 %	0,0 %
Skuldahlutfall.....	31 %	21 %	20 %	23 %	30 %	28 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Veltufjárlutfall .....	6,17	6,77	7,02	5,63	2,77	3,42
Eiginfjárlutfall .....	88,3 %	89,7 %	89,9 %	88,3 %	83,0 %	83,5 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>						
Útsvar .....	49,7 %	49,1 %	49,2 %	48,6 %	57,4 %	48,4 %
Fasteignaskattur .....	12,2 %	9,8 %	9,4 %	8,6 %	8,5 %	6,7 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	20,9 %	15,5 %	20,4 %	24,1 %	17,4 %	30,4 %
Skatttekjur samtals.....	82,7 %	74,3 %	79,0 %	81,4 %	83,3 %	85,5 %
Aðrar tekjur .....	17,3 %	25,7 %	21,0 %	18,6 %	16,7 %	14,5 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 9,2% )	( 6,6% )	( 7,6% )	( 11,2% )	( 63,5% )	( 55,5% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 77,7% )	( 93,5% )	( 90,6% )	( 66,0% )	( 60,8% )	( 47,0% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	13,1 %	( 0,1% )	1,9 %	22,8 %	( 24,4% )	( 2,5% )
Afskriftir .....	( 2,0% )	( 1,6% )	( 1,4% )	( 1,4% )	( 1,4% )	( 2,0% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	5,0 %	3,2 %	3,1 %	3,1 %	2,6 %	3,2 %
Óreglulegir liðir.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	18,5 %	0,0 %	0,0 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	16,2 %	1,4 %	3,6 %	43,1 %	( 23,2% )	( 1,3% )

\* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar hreint veltufé er umfram skuldir.

\*\* Skuldaviðmið er reiknað samkvæmt gildandi reglum fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	861	954	950	1.065	921	1.013
Aðrar tekjur .....	179	330	253	244	185	171
Laun og launatengd gjöld .....	( 96 )	( 85 )	( 91 )	( 146 )	( 702 )	( 658 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 808 )	( 1.201 )	( 1.089 )	( 863 )	( 672 )	( 556 )
Afskriftir.....	( 20 )	( 21 )	( 17 )	( 18 )	( 16 )	( 24 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	52	41	38	41	28	38
Óreglulegir liðir.....	0	0	0	243	0	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	168	19	43	564	( 257 )	( 16 )
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.782	2.556	2.351	2.522	1.955	2.005
Eigið fé .....	2.455	2.292	2.115	2.227	1.622	1.675
Skuldir og skuldbindingar .....	327	264	237	295	333	331
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	184	34	54	330	( 247 )	1
Handbært fé frá rekstri.....	184	75	( 39 )	303	( 18 )	( 86 )
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	40	40	43	40	41	46

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun	Ársreikningar				
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	30.611	23.968	12.527	12.543	( 5.879 )	4.799
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	*	*	*	*	*	*
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	17,7 %	4,8 %	5,2 %	24,6 %	( 18,1% )	4,7 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	15,9 %	1,7 %	2,3 %	38,8 %	( 21,3% )	2,2 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	20,1 %	5,3 %	5,7 %	25,0 %	( 18,3% )	5,7 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	31,3 %	1,4 %	0,0 %	3,5 %	15,9 %	11,1 %
Skuldahlutfall.....	28 %	18 %	18 %	21 %	28 %	25 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	0,25	0,59	0,72	0,19	( 0,33 )	0,96
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....		6,99	7,56	33,26	( 21,78 )	8,48
Veltufjárhlutfall .....	5,08	5,41	5,70	4,72	2,19	3,47
Eiginfjárhlutfall .....	87,9 %	89,6 %	89,8 %	88,3 %	83,1 %	83,6 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	43,2 %	43,0 %	44,4 %	45,6 %	53,0 %	44,1 %
Fasteignaskattur .....	10,6 %	8,6 %	8,5 %	8,1 %	7,8 %	6,1 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	18,2 %	13,6 %	18,4 %	22,6 %	16,1 %	27,7 %
Skatttekjur samtals.....	71,9 %	65,1 %	71,2 %	76,4 %	76,9 %	77,9 %
Aðrar tekjur .....	28,1 %	34,9 %	28,8 %	23,6 %	23,1 %	22,1 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 8,9% )	( 5,8% )	( 6,8% )	( 10,5% )	( 59,5% )	( 50,6% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 73,4% )	( 89,4% )	( 88,0% )	( 64,9% )	( 58,6% )	( 44,7% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	17,7 %	4,8 %	5,2 %	24,6 %	( 18,1% )	4,7 %
Afskriftir .....	( 4,1% )	( 3,4% )	( 3,3% )	( 3,4% )	( 3,4% )	( 3,3% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2,2 %	0,3 %	0,4 %	0,2 %	0,1 %	0,9 %
Óreglulegar tekjur.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	17,4 %	0,0 %	0,0 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	15,9 %	1,7 %	2,3 %	38,8 %	( 21,3% )	2,2 %

\* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar hreint veltufé er umfram skuldir.

\*\* Skuldaviðmið er reiknað samkvæmt gildandi reglum fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	861	954	950	1.065	921	1.013
Aðrar tekjur .....	336	512	383	330	276	288
Laun og launatengd gjöld .....	( 106 )	( 85 )	( 91 )	( 146 )	( 711 )	( 658 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 878 )	( 1.311 )	( 1.173 )	( 904 )	( 701 )	( 582 )
Afskriftir.....	( 48 )	( 49 )	( 44 )	( 47 )	( 40 )	( 44 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	27	4	6	3	1	12
Óreglulegar tekjur.....	0	0	0	243	0	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	191	24	31	542	( 255 )	29
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.724	2.540	2.331	2.514	1.969	2.016
Eigið fé .....	2.393	2.276	2.094	2.218	1.636	1.686
Skuldir og skuldbindingar .....	331	264	237	295	333	331
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	241	78	76	348	( 219 )	74
Handbært fé frá rekstri.....	241	119	( 17 )	321	10	( 13 )
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	40	40	43	40	41	46

## Skýringar, frh.:

### 18. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2020	%	2019	%	2018	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur .....	39.101	100,0%	41.708	100,0%	43.390	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 1.832 )	( 4,7% )	( 466 )	( 1,1% )	( 1.008 )	( 2,3% )
Heilbrigðismál .....	( 69 )	( 0,2% )	( 72 )	( 0,2% )	( 29 )	( 0,1% )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 2.697 )	( 6,9% )	( 4.290 )	( 10,3% )	( 6.258 )	( 14,4% )
Menningarmál .....	( 1.776 )	( 4,5% )	( 1.453 )	( 3,5% )	( 1.385 )	( 3,2% )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 16 )	( 0,0% )	( 71 )	( 0,2% )	( 72 )	( 0,2% )
Hreinlætismál .....	( 3.263 )	( 8,3% )	( 1.324 )	( 3,2% )	( 3.388 )	( 7,8% )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 2.274 )	( 5,8% )	( 6.591 )	( 15,8% )	( 1.993 )	( 4,6% )
Umferðar- og samgöngumál .....	2.560	6,5%	2.716	6,5%	( 1.653 )	( 3,8% )
Umhverfismál .....	( 1.173 )	( 3,0% )	( 711 )	( 1,7% )	( 901 )	( 2,1% )
Atvinnumál .....	0	0,0%	( 1.000 )	( 2,4% )	( 27 )	( 0,1% )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 19.169 )	( 49,0% )	( 20.259 )	( 48,6% )	( 17.190 )	( 39,6% )
Óreglulegir liðir .....	0	0,0%	0	0,0%	9.700	22,4%
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld .....	8.522	21,8%	6.086	14,6%	6.155	14,2%
Aðalsjóður samtals	17.914	45,8 %	14.273	34,2%	25.341	58,4%
<b>Aðrir sjóðir í A hluta:</b>						
Eignasjóður .....	( 17.171 )	( 43,9% )	( 12.417 )	( 29,8% )	( 2.779 )	( 6,4% )
A hluti samtals	743	1,9 %	1.856	4,5 %	22.562	52,0 %